um lagningu Vesturlandsvegar.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota lántökuheimild í III. kafla vegáætlunar fyrir árin 1965—1968 vegna Vesturlandsvegar, til þess að endurbygging vegarins geti hafizt á næsta sumri.

Greinargerð.

Vesturlandsvegur er annar af tveim fjölförnustu þjóðvegum landsins. Í vegáætlun er hann talinn frá Reykjavík við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu í Hvalfjarðarbotni.

Öll umferð frá höfuðborginni til Vestur-, Norður- og Austurlands, svo og til Þingvalla, er um þennan veg. Auk þess er mestallt byggingarefni, möl og sandur, sem Reykjavík og nálæg sveitarfélög þarfnast, flutt eftir honum á stórum og þungum bifreiðum. Álagið á veginn er því allt of mikið, og ástand hans undanfarna votviðrisdaga hefur verið slíkt, að nær ómögulegt er að aka hann með skaplegum hætti.

Ákvörðun um sjálft vegarstæðið frá Reykjavík og í gegnum Mosfellssveit hefur nú verið tekin, og í vegáætlun þeirri fyrir árin 1965—1968, sem samþykkt var á síðasta þingi, eru ríkisstjórninni veittar eftirtaldar lántökuheimildir vegna lagningar vegarins:

Árið 1966	.....	25.8 millj. kr.
— 1967	.....	24.3 — —
— 1968	.....	12.4 — —

Með flutningi þessar tillögu til þingsályktunar á að freista þess að kanna, hvort ekki sé þingmeirihluti fyrir hendi við tillöguna. Engan veginn verður talið, að endurbygging vegarins sé eingöngu sérmál þeirra, sem í Kjósarsýslu búa, því að umferðin frá höfuðborginni til nálega allra hluta landsins liggur um þennan veg, eins og fyrr er bent á.